



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 3. Fundur, 11. júní 2007

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt þriðja fund sinn mánudaginn 11. júní 2007 kl. 13:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Til fundarins voru mættir fulltrúar frá Verkfræðistofu Norðurlands, Raftákni og Stoð ehf. verkfræðistofu. Formaður hópsins Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð.

Formaður fór yfir og kynnti málið fyrir gestum fundarins. Miklar umræður urðu um kosti inn- og útilauga og hinar ýmsu útfærslur sundlaugarmannvirka. Fram kom að raunhæfar kostnaðartölur er ekki unnt að nálgast nema ráðast í frumhönnun mannvirkjanna.

Næstu skref málsins miða að því að taka saman forsendur sem nægja til að byggja á pólitíska ákvörðun um stærð, fyrirkomulag og gerð verðandi sundlaugar. Ákveðið var að Verkfræðistofa Norðurlands og Stoð ehf. verkfræðistofa tæki saman kostnaðartölur varðandi byggingu 25 m. laugar. Stoð myndi hins vegar vinna að kostnaðaráætlun vegna yfirbyggingar.

Rætt var um að halda næsta fund eftir 4 – 6 vikur og fara yfir þau gögn sem þá verða tilbúin.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:54

Eyjólfur Þórarinsson
Héðinn Sigurðsson
Ágúst Þór Bragason
Guðmundur Haraldsson
Magnús Ingvarsson, Stoð
Grétar Grímsson, Verkfræðistofu Norðurlands
Jóhannes Axelsson, Raftákni

Einar Kolbeinsson